

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 í landi Upsa.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 14. mars 2012 breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020, sem samþykkt var í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 21. febrúar 2012. Niðurstaða bæjarstjórnar var birt 9. mars 2012.

Í breytingunni felst að 3,7 ha óskipulagt og óbyggt frístundabyggðarsvæði í landi Upsa er minnkað í 2,5 ha en áætlaður lóðafjöldi er óbreyttur, allt að 12 lóðir. Breytingarsvæðið verður að 1,2 ha opnu svæði til sérstakra nota fyrir garðlönd þar sem gert er ráð fyrir að heimila byggingu smáhýsa (geymslur og aðstöðuhús) samkvæmt deiliskipulagi. Breyting verður á köflum 4.11 og 4.14 í gildandi greinargerð auk uppráttarbreytingar.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 14. mars 2012.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*